

Julíus Hoffory (kennara við Berlinar háskóla) og Björnstjerne Björnson. Fylgir eitt í lauslegri þýðingu—8 bréfið í bókinni—er það til Björnson um fánamál þeirra Norðmannanna á þeim árum.

Ofan að 1844, eftir sameininguna við Svíþjóð urðu Norðmenn að bera sánska fánann á herskipum sínum, hermannaskálum, tollhúsuni og öðrum ríkisstofnunum. Var fjöldi þjóðarinnar það mikil óánægjuefni að jafnvel verzlunarskipin, máttu ekki bera þjóðarfánann nema í smáferðum.

Til þess að ráða bót á þessari óánægju, úrskurðaði Óskar I að hvert ríkið út af fyrir sig skyldi hafa sinn fána, en á þá skyldi sett „sambands merkið“ i efta hornið stangar megin, tvöfaldur kross er bar einkunnar litl beggja ríkjanna (gult, rauðt, hvitt og blátt). Tilslökun þessi nægði þó Norðmönnum ekki lengi og 1879 var því aftui hreist, að fá sambands merkið burt-numið af verzlunarfánanum. Eftir þrí-strekaða samþykkt Stórbingsins gekk það í lög 1898 án þess þó að öðlast samþykki konungs (Oskars II). Björnson léði fánamáli þessu ótraut fylgi, frá því það kom til í seinna skiftið og vildi fá Ibsen til þess sama. Í tilefni af því, skrifði hann honum og mæltist til að hann væri með í að mótmæla fánanum einsog stæði. Fáleikar höfdu verið með þeim þá um tíma, útaf ýmsum landsmálum. Var Björnson stækur meðhaldsmaðnr hins svonefnda „frjálslynda flokks“ er Ibsen taldi bæði hlutdrægan sunásálarlegan og þróngsýnan í öllu er snerti andlega framför.

Í svari Ibsens er „ýmislegt er vel mætti takast til í hugunar, af Íslendingum eins og Norðmönnum, nú engu síður en 1879, þó liðin séu 30 ár.“

AMALFI, 12. Júlí, 1879

„Björnstjerne Björnson:

Það var mikil ánægja að fá bréf frá þér, þó enn meiri hefði ánægjan orðið, ef eg hefði fundið, að eg hefði getað orðið þér samdóma um bréfsefnið. En það er ekki. Eg hlýt að vera ósamdóma aðalefni uppástungunnar viðvígjandi fánannum og skal eg í stuttu máli gjöra grein fyrir því.